

Nr. 20-099 S 067 Jón Kjartansson SU 111***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2949
IMO: 9268124
Smíðaður: Noregi 2003, stál
Útgerð: Eskja ehf.
Stærð: 2424,30 bt.
Mesta lengd: 70,70 m Skráð lengd: 63,53 m
Breidd: 14,50 m Dýpt: 8,71 m
Vél: MAK 6000 kW 2003
Fjöldi skipverja: 14



Jón Kjartansson © Þorsteinn Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 16. desember 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. desember 2019 var uppsjávarskipið Jón Kjartansson SU 111 við landfestar á Neskaupsstað. Veður: N 12-16 m/sek.

Skipið var nýlega komið að bryggju og skipverjar búnir að þrifa en í framhaldi af því fóru þeir að setja upp jólaljósaseríu á skipið. Þegar einn þeirra kom upp á brúarþakið rann hann til og féll með þeim afleiðingum að hann slasaðist á vinstri hendi.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var búinn að vera að þrifa á öllum þilförum skipsins og hvergi háлка en þegar hann kom upp á brúarþakið var þar flughált. Hann féll og bar fyrir sig vinstri hendi í fallinu;
- að við fallið brotnaði bein í handarbakinu og sin í vinstri hendi slitnaði;
- að brúarþilfarið var eina þilfarið á skipinu sem ekki var með hálkuvörn;
- að eftir slysið fékk brúarþakið sömu meðferð og önnur þilför á skipinu og var málað með hálkuvörn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.